

# Aðalfundur foreldrafélags Seyðisfjarðarskóla/FFSS (sko síðasta skipti sem við getum notað þessa töff skammstöfun) 2018

---

## **Haldinn í heimilisfræðstofunni Rauða skóla, 11. apríl 2018, kl. 20.**

Mætt eru Tinna Guðmunds, Auður Jörundsdóttir, Jóhanna Magúsdóttir, Elva Ásgeirsdóttir, Eva Jónudóttir, Hildur Ísleifsdóttir, Ásta Guðrún Birgisdóttir, Óli Már Eggertsson, Snædís Róbertsdóttir, Rannveig Þórhallsdóttir, Brynhildur Garðarsdóttir, Eygló Jóhannsdóttir, Máni Stefánsson, Helgi Örn Pétursson, Unnur Óskarsdóttir, Jóhanna Gísladóttir, Svandís Egilsdóttir og Sigríður Rún Tryggvadóttir sem ritar fundargerð.

## **Skýrsla stjórnar**

Formaður les skýrslu stjórnar.

Umræður um skýrslu stjórnar;

-Örnámskeið mælast vel fyrir og stjórnin hvetur alla foreldra sem telja sig hafa eitthvað fram að færa að gefa sig fram við okkur.

-Skólagögn eru óverulegur kostnaður fyrir sveitafélög, foreldrum líst vel á að annað hvort taki sveitafélagið þetta yfir eða að foreldrafélagið hafi milligöngu um gjaldtöku og skólinn sjái um innkaup skólagagna.

-Félagsstarfið, foreldri lýsir yfir ánægju með að stjórnin hafi komið inn í starf félagsmiðstöðvarinnar og vill tilnefna þetta samstarf til verðlauna. Ættum að leggja enn meiri áherslu á félagsstarfið og samstarfið, jafnvel halda ball fyrir unglingana og bjóða einum „vinaskóla“, t.d. eins og Egilsstaðaskóla.

Skýrsla stjórnar samþykkt samhljóða með lófataki.

## **Reikningar félagsins**

Gjaldkeri fer yfir reikninga félagsins. Reikningar félagsins samþykkir samhljóða með lófataki.

Við eigum 290.000kr hvað viljum við gera við hann? Við viljum að það nýtist börnunum, spil, eða félagsstarf,

## **Félagsgjöld**

Umræður um félagsgjöld, stjórnin leggur til að þau haldist óbreytt, 2500kr (2250kr + seðilgjöld sem bankinn fær).

Samþykkt samhljóða, sérstaklega í ljósi góðrar afkomu félagsins í ár.

## **Stjórnarkjör**

Tinna, Auður og Jóhanna komu allar nýjar inn í fyrra. Sömuleiðis Eva sem varamaður. Elva og Sigríður gefa kost á sér áfram og Hanna Christel Sigurkarlsdóttir sem varamaður. Engin mótframboð. Samþykkt samhljóð með lófataki.

**VEITINGAR! Gúrmei – ómæ hvað það eru góðar kökur! Einar og sér nægileg ástæða til að mæta á aðalfund ;)**

**Önnur mál;**

**-Útisvæði:** Eva Jónu kynnir endurbætur og framtíðarsýn á útisvæði. Svæðið fyrir aftan gamla skóla. Útisvæðið verði heildstæðara, með betri aðstöðu fyrir aftan skólann. Útikarfa á körfuboltaspjaldi á innri vellingum, á ytri hlutanum yrði hjólabrettasvæði og það yrði unnið betur þegar framlíða stundir, það þarf að flota allan völlin áður en hægt yrði að klára það. Girða fyrir neðan völlinn. Á vorverkadegi notum við kraftana okkar í þetta verkefni.

Upp kemur að skólinn hefur ekki bolmagn í að hafa gæslu á tveimur svæðum, skapar þetta vanda fyrir þau? Ýmsar hugmyndir ræddar, t.d vinaliðaverkefni, gætu elstu árgangarnir tekið að sér gæslu í frímínútum. Ljóst að við getum ekki klárað þetta mál á þessum fundi, verður að vísa því til skólastjórnenda og forvarnarfulltrúa og verkefnastýru Heilsueflandi samfélags.

**-Tengla mál;** Ætti að vera skipulagt félagsstarf/félagsmiðstöð fyrir miðstig þar sem eftirspurn er eftir því, en ekki fyrir unglingana sem hafa nóg að gera. Væri hægt að efla tenglastarfið með að hefja fjáröflun fyrir útskriftaferð frá 1. bekk? Almennt villja foreldrar halda tenglastarfinu áfram og það er vilji allra að efla tengsl heimilis og skóla en ekki ljóst hvernig er best að efla tenglastarfið.

**-Nafnabreyting;** félagið getur ekki heitið foreldrafélag Seyðisfjarðarskóla, það veldur ruglingi, í skólanum eru tvo foreldrafélög, annað í grunnskóladeild og hitt í leikskóladeild. Svandís leggur til nafnabreytingu: Foreldrafélag Grunnskóladeildar Seyðisfjarðarskóla. Þar sem breytingartillagan var ekki kynnt fyrirfram getum við ekki tekið hana beint fyrir. Það er samþykkt að við byrja að tala um það núna og breytingartillagan verður tekin fyrir á næsta aðalfundi.

Fundi slitið kl. 21.15